

Skjalastefna Garðabæjar

2016



GARÐABÆR

Skjalastefna Garðabæjar

Í starfsemi Garðabæjar verða til og eru varðveitt skjöl sem sýna fram á starfsemi sveitarfélagsins og styðja við rekstur þess. Garðabær ber ábyrgð á eigin skjölum í samræmi við lög og reglugerðir.

Umfang

Stefnan nær til allra skjala sem tengjast rekstri sveitarfélagsins og stofnana þess, óháð miðlum. Hún nær til þeirra sem starfa hjá Garðabæ eða eru sveitarfélaginu samningsbundnir.

Markmið

Meðferð skjala skal lúta skilgreindum verklagsreglum allt frá móttöku, myndun, flokkun og skráningu til endanlegrar varðveislu eða eyðingar. Þessar áherslur skulu endurspeglast í öllum kerfum bæjarins og vinnulagi starfsmanna.

Leiðir að markmiði

- Skjalavistunaráætlanir og málalyklar styrki samræmda skráningu skjala og stuðli að virkri og samþykktari grisjunaráætlun.
- Verklagsreglur og vinnulýsingar séu samræmdar.
- Markviss kynning á skalastjórn og lögum og reglum.
- Skjalakerfið (Onesystems) sé sérsniðið að þörfum sveitarfélagsins og þeirra skjala sem þar verða til.
- Aðgangstýringar skjala fari eftir ábyrgð og hlutverki starfsfólks.

Ábyrgð

Bæjarstjóri ber ábyrgð á að skjala- og upplýsingastjórnun sé í samræmi við lög og reglugerðir. Bæjarstjóri tryggir skjalastjóra stuðning við framkvæmd skjalastefnu Garðabæjar.

Skjalastjóri hefur faglega umsjón með skjala- og upplýsingastjórnun í umboði bæjarstjóra og framfylgir skjalastefnu með stuðningi hans og næstráðandi yfirmanns. Hann ber ábyrgð á innleiðingu skjalastjórnar og er til ráðgjafar.

Sviðstjórar tryggja að myndun og varðveisla skjala sé hluti af starfsemi sviðsins og í samræmi við samþykktar verklagsreglur.

Forstöðumenn bera ábyrgð á skjala- og upplýsingastjórnun sinna stofnana. Þeir tryggja að myndun og varðveisla sé hluti af starfsemi stofnana og í samræmi við samþykktar verklagsreglur.

Tölvudeild tryggir starfrækslu málaskrár í samvinnu við skjalastjóra þ.m.t. uppsetningu notenda- og aðgangshópa.

Allir starfsmenn bera ábyrgð á þeim skjölum sem þeir mynda, móttaka og varðveita til sönnunar um starfsemi í samræmi við settar verklagsreglur.

Samþykkt í bæjarstjórn 18. febrúar 2016